



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Atvinnuveganefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2013

Mál nr. 1101001

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986, 417. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 417. mál, en þetta er sameiginleg umsögn samtakanna.

Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur skorað á stjórnvöld allt frá október 2005, að fella ákvæði laganna um greiðslumiðlun úr gildi.

Samtökin eru sammála því að þær breytingar sem í 1., 3. og 5. greinum frumvarpsins felast nái fram að ganga.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sérreglur gildi um innheimtu félagsgjalda opinna báta, þilfarsbáta undir 10 lestum og krókaafلامarksbáta. Samtökin mótmæla því harðlega að sérreglur verði látnar gilda fyrir þessa gerð skipa og telja að slíkt væri brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem snúa að mögulegum breytingum á 1.- 4. gr. laganna í umsögn Sjómannasambands Íslands frá 5. febrúar 2013.

Samtökin benda á að með þeim breytingum sem lagðar eru til á lögnum er rétt að taka 16. og 17. gr. laganna til endurskoðunar eða fella þær út.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um gildistöku laganna þann 1. janúar 2013. Verði frumvarpið að lögum þarf að breyta gildistökuákvæðinu á þann veg að gefinn verði hæfilegur frestur til aðlögunar að breytingunum.

Samtök atvinnulífsins

Virðingarfyllst,

Samtök fiskvinnslustöðva

Landssamband íslenskra útvegsmanna